

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/152
komudagur 20.11.128/152

Efnahags- og viðskiptanefnd.

Fyrir hönd Kreditkorts h.f. er þakkað að vera gefið tækifæri til að gefa umsögn um frv. til laga um fjármálafyrirtæki, sem lagt er fram á 128. löggjafarþingi 2002-2003. Gerð er eftirfarandi athugasemd við 3. gr. frumvarps :

Í upptalningu 3 gr. yfir starfsleyfisskylda starfssemi er í 4 tl. nefnd útgáfa og umsýsla greiðslukorta. Í athugasemdum frumvarps við 4. tl. 3.gr. greinar segir :

„ Þess er á hinn bóginn ekki krafist að þau fyrirtæki sem eingöngu sinna þessari starfsemi séu með starfsleyfi. Í nær öllum tilvikum er greiðslukortastarfsemi aðeins ein tegund þjónustu sem viðskiptabankarnir veita viðskiptavinum sínum. Hér á landi er greiðslukortastarfsemi, eða a.m.k. stór hluti hennar, á hendi tveggja fyrirtækja í eigu viðskiptabanka og sparisjóða. Þau hafa bæði starfsleyfi sem lánastofnanir samkvæmt lögum nr. 123/1993. Telja verður eðlilegt í ljósi áhættunnar í greiðslukortastarfsemi að engir aðrir en þeir sem uppfylla kröfur samkvæmt þessum lögum geti haft með höndum útgáfu og umsýslu greiðslukorta. Það er einnig í samræmi við þær kröfur sem alþjóðagreiðslukortafyrirtæki gera til aðilar að sínum viðskiptakerfum. "

Við viljum benda á að gott væri ef frekari skýring væri á hvað átt er við með orðinu „umsýsla“ , þ.e. hvort þar falli ekki örugglega undir færsluviðtaka og uppgjör við söluaðila, en um þann hluta starfseminnar fara gífurlegar fjárhæðir árlega vegna debet- og kreditkortaviðskipta, og á miklu veltur að slíkir aðilar sæti eftirliti og opinberum kröfum um fjárstyrk. Leggjum við til að kveðið verði nákvæmar á um þetta, t.d. með orðalaginu "... útgáfu og umsýslu greiðslukorta, þ.m.t. færsluviðtöku og uppgjör við söluaðila".

Loks vekjum við athygli á að bankar, sparisjóðir, Seðlabanki og greiðslukortafélög standa nú saman að rekstri sérstaks félags, Fjölgreiðslumiðlunar h.f. (FGM), sem annast alla smágreiðslumiðlun í landinu, þ.e. rekstur ávísana- og kortaviðtökukerfa. Öllum fjármálastofnunum sem starfsleyfi hafa, jafnt erlendum sem innlendum, jafnt nýjum sem hinum eldri, er frjáls aðild að FGM, til samræmis við nútíma samkeppnisreglur. FGM er um þessar mundir að skilgreina reglur um starfssvið sitt og þykir eðlilegt að FGM fái einnig að gefa álit sitt á frumvarpinu.

Bestu kveðjur,

Ragnar Öundurson,

framkvæmdastjóri,

Europay Ísland - Kreditkort h.f.,